

Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis
Sendandi: Fæðingarorlofssjóður
Dags.: 17. nóvember 2015
Efni: Kostnaðaráætlun Fæðingarorlofssjóðs.

Við er til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. nóvember 2015, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof (ffl.), sbr. þingskjal 25 – 25 mál á 145. löggjafarþingi 2015 – 2016. Óskað er eftir áætlun frá Fæðingarorlofssjóði um kostnað sjóðsins við þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir auk athugasemda um áhrif breytinganna á sjóðinn.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að réttur foreldra til fæðingarorlofs skv. 12. gr. ffl. og fæðingarstyrks skv. 20. gr. ffl. við andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu verði sjálfstæður í allt að þrjú mánuði fyrir hvort foreldri um sig og sameiginlegur í þrjú mánuði að auki, alls níu mánuðir. Tímalengdin er sú sama og foreldrar eiga rétt á vegna fæðingar barns og er því um breytingu að ræða frá því sem verið hefur.

Kostnaðaráætlun Fæðingarorlofssjóðs

Sé horft til fæðingarársins 2014 greiddi Fæðingarorlofssjóður foreldrum vegna 14 andvanafæðinga. Þar af voru 9 andvanafæðingar greiddar skv. 12. gr. ffl. (7.618.785 kr.) en 5 skv. 20. gr. ffl. (2.036.941 kr.) alls kr. **9.655.726.**

Hefði hins vegar verið greitt í samræmi við frumvarpið, og að því gefnu að réttur beggja foreldra hefði verið nýttur að fullu, hefði kostnaður skv. 12. gr. ffl. verið kr. 23.623.835 og skv. 20. gr. ffl. kr. 6.098.625 eða alls kr. **29.722.460.**